

Föstudaginn 21. október 1960.

Nr. 37/1960. **Gunnar Ólafsson & Co. h.f.**  
(Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Kjartani Friðbjarnarsyni**  
(Páll S. Pálsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Árekstur bifreiða. Skaðabætur. Sératkvæði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Freymóður Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. marz 1960, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s. m. og krafizt þess, að honum verði einungis dæmt að greiða stefnda kr. 2770.83 með 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að dómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 4000.00.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson & Co. h/f, greiði stefnda, Kjartani Friðbjarnarsyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 4000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Sératkvæði**

**Árna Tryggvasonar hæstaréttardómara.**

Um kröfugerð fyrir Hæstarétti vísast til dóms meiri hluta Hæstaréttar.

Stjórnandi bifreiðar stefnda, sem ók eftir Skólavegi, átti biðskyldu við gatnamót þeirrar götu og Hvítungavegar, sbr. 1. mgr. 7. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 24/1941. Með eiðfestum framburði þriggja vitna er sannað, að bifreið stefnda var enn á ferð, er bifreið hans og áfrýjanda rákust á litið eitt inni á gatnamótunum. Stjórnandi bifreiðar stefnda fullnægði því ekki nægjanlega biðskyldu sinni, auk þess sem hann gætti ekki annarrar nauðsynlegrar varúðar með tilliti til þess, að girðing skagaði út í Hvítungaveg við nefnd gatnamót og þess var því að vænta, að stjórnendur ökutækja, er komu eftir Hvítungavegi út á Skólaveg, ættu óhægt um að sveigja með fullkomlega réttum hætti inn á Skólaveg. Á hinn bóginn tók stjórnandi bifreiðar áfrýjanda nefnda beygju svo fjarri réttu lagi, að telja verður, að hann eigi meiri sök á greindum árekstri en stjórnandi bifreiðar stefnda. Þykir eftir atvikum rétt að skipta sök þannig, að áfrýjandi beri  $\frac{2}{3}$  hluta þess tjóns, er stefndi hlaut af árekstrinum, en stefndi beri  $\frac{1}{3}$  hluta þess sjálfur.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms telst tjón stefnda nema kr. 10.450.00. Ber áfrýjanda að greiða stefnda  $\frac{2}{3}$  hluta þeirrar fjárhæðar, þ. e. kr. 6966.67, ásamt vöxtum, eins og krafizt er, svo og kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Áfrýjandi, Gunnar Ólafsson & Co. h/f, greiði stefnda, Kjartani Friðbjarnarsyni, kr. 6966.67 með 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags og kr. 4000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### **Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 9. nóvember 1959.**

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 6. nóvember 1959, er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Kjartani Friðbjarnarsyni stórkaupmanni, Heiðarveg 51, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 8. apríl 1958, birtri s. d., á hendur stjórn Gunnars Ólafssonar & Co. h.f. fyrir hönd félagsins, þeim Jóhanni Sigfússyni formanni, Sóhlíð 8, Vestmannaeyjum, Jóhanni Þ. Jósefssyni, Bergstaðastræti 86, Reykjavík, og Sighvati Bjarnasyni, Ási, Vest-

mannaeyjum, til greiðslu tjónbóta út af bifreiðaárekstri milli bifreiðanna V 37, eign hins stefnda félags, og V 175, eign stefnanda, er átti sér stað 6. desember 1956. Með stefnu, útgefinni 21. marz 1958, birtri 31. marz 1958, var Sjóváttryggingarfélagi Íslands h.f. sem váttryggjanda bifreiðarinnar V 37 stefnt til réttargæzlu í málinu.

Stefnandi gerir þær réttarkröfur, að stefndi, Gunnar Ólafsson & Co. h.f., verði dæmdur til að greiða tjónbætur, að fjárhæð kr. 10.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi mætti í málinu og gerði þær réttarkröfur, aðallega að hann yrði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að mati dómara, en til vara krafðist hann lækkunar á kröfum stefnanda og málskostnaður verði látinn falla niður.

Hinn 6. desember 1956 að morgni ók eiginkona stefnanda bifreið hans, V 175, suður Skólaveg, áleiðis til flugvallarins. Er hún nálgaðist Hvítungavegin, kom Már Frímansson akandi vestur veginn og beygði krappri beygju niður á Skólaveg. Við hornið, þar sem vegirnir mætast, varð árekstur milli bifreiðanna, og skemmdist bifreið stefnanda allmikið við áreksturinn, en hin bifreiðin skemmdist ekki. Lögreglurannsókn fór fram út af árekstrinum, og síðan lagði dómsmálaráðuneytið fyrir, að komið yrði fram refsíabýrgð á hendur stjórnendum bifreiðanna fyrir brot á bifreiðalögum og umferðarlögum. Már Frímansson viðurkendi, að um brot hafi verið að ræða frá sinni hálfu, og gekkst undir með réttarsætt að greiða sekt í ríkissjóð. Eiginkona stefnanda vildi hins vegar ekki fallast á, að akstur sinn í umrætt sinn hafi á nokkurn hátt varðað við lög. Var því höfðað mál gegn henni af ákærvaldsins hálfu og lyktaði því með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 14. janúar 1959. Niðurstaða dómsins var, að hún var sýknuð að öllu leyti af kröfum ákærvaldsins.

Eftir áreksturinn var framkvæmd viðgerð á bifreið stefnanda í Vestmannaeyjum, en síðan var hún send til Reykjavíkur, svo að hún yrði máluð, þar eð bifreiðamálningarverkstæði er ekki til í Vestmannaeyjum. Kostnaðurinn við viðgerð bifreiðarinnar og málningu hennar ásamt flutningskostnaði til Reykjavíkur og hingað aftur nam alls kr. 10.450.00 samkvæmt framlögðum reikningum, og er það stefnukrafa málsins.

Stefnandi telur, að áreksturinn hafi að öllu leyti verið að kenna ógætilegum og saknæmum akstri bifreiðarstjórans á V 37, og þar

sem stefndi sé eigandi bifreiðarinnar, beri hann fébótaábyrgð á tjóni, sem hlaut af árekstrinum.

Stefndi telur aftur á móti, að eiginkona stefnanda hafi átt alla sök á árekstrinum og verði því stefnandi að bera tjón sitt sjálfur. Á þessari varnarástæðu byggir hann sýknukröfu sína. Í dómi Hæstaréttar, er fyrir getur, er þó gengið út frá, að sökin af árekstrinum hvíli á ökumanni bifreiðarinnar V 37, og þykir bera að leggja þá niðurstöðu til grundvallar. Af því leiðir, að stefnda ber að greiða stefnanda bætur fyrir tjón það, er hann varð fyrir af völdum árekstrarins. Sýknukrafa stefnda verður því ekki tekin til greina.

Eins og áður segir, hefur stefnandi lagt fram reikninga yfir stefnukröfuna. Við marga þeirra hefur stefndi ekkert að athuga, en nokkrum kröfufliðum hefur hann mótmælt, og eru þeir þessir:

1. Sprautun á bifreiðina .....	kr. 1000.00
2. Flutningsgjald, vörugjald, útskipun og uppskipun í sambandi við flutning bifreiðarinnar frá Vestmannaeyjum til Reykjavíkur .....	— 993.85
3. Sömu gjöld frá Reykjavík til Vestmannaeyja	— 993.85
4. Flutningsgjald, uppskipun og hafnargjöld og símkostnaður vegna varahluta .....	— 150.00

---

Kr. 3137.70

*Um 1. lið. Sprautun, kr. 1000.00.*

Stefndi telur, að liður þessi sé of hár, og hefur hann krafist lækkunar á honum. Eftir að athugasemd þessi kom fram, lagði stefnandi fram reikning frá Bílaiðjunni h.f. í Reykjavík yfir sprautun bifreiðarinnar, og nemur hann rúmum 2000.00 krónum. Verður því þessi kröfufliður ekki talinn ósanngjarn og verður tekinn til greina að fullu.

*Um 2. lið. Flutningsgjald o. fl., kr. 993.85.*

Stefndi telur, að þessi útgjöld séu sér að öllu óviðkomandi. Hins vegar lítur rétturinn svo á, að með tilliti til aðstæðna, sem hér eru fyrir hendi, geti það ekki talizt óeðlileg ráðstöfun að senda bifreiðina til Reykjavíkur, svo að hún yrði máluð þar. Kröfuupp-hæðin er ekki vefngd, og verður því þessi liður einnig tekinn til greina að fullu.

Um 3. lið. *Flutningsgjald o. fl., kr. 993.85.*

Af sömu ástæðum og tilgreindar eru um 2. lið verður kröfuliður þessi tekinn til greina.

Um 4. lið. *Flutningsgjald o. fl. vegna varahluta, kr. 150.00.*

Engin fylgiskjöl eru með þessum lið, og hefur stefndi mótmælt honum sem sér óviðkomandi. Ýmsir reikningar, sem lagðir hafa verið fram, bera með sér, að talsvert af varahlutum til bifreiðarinnar vegna viðgerðarinnar hafa verið keyptir í Reykjavík og sendir þaðan til Vestmannaeyja. Gera má ráð fyrir, að nokkur kostnaður hafi leitt af flutningi þeirra. Upphæðin virðist ekki ósanngjörn, og verður því kröfuliður þessi tekinn til greina að fullu.

Samkvæmt því, er nú hefur verið tekið fram, verða kröfur stefnanda teknar til greina að öllu leyti.

Rétt þykir að ákveða, að stefndi greiði stefnanda kr. 1950.00 í málskostnað.

#### Dómsorð:

Stefndu, Jóhann Sigfússon, Jóhann Þ. Jósefsson og Sighvatur Bjarnason fyrir hönd Gunnars Ólafssonar & Co. h.f., greiði stefnandanum, Kjartani Friðbjarnarsyni, kr. 10.450.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 6. desember 1956 til greiðsludags og kr. 1950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---